

**Meðferðateymi barna
Heilsugæslan Efra Breiðholti
Árskýrsla 2009**

Heilsugæslan Efra Breiðholti
Elín Elísabet Halldórsdóttir sálfræðingur
Þórður G. Ólafsson yfirlæknir


Ársskýrsla Meðferðateymis barna við Heilsugæsluna Efra-Breiðholti fyrir árið 2009.

Meðferðateymi barna hóf starfsemi sína haustið 2007 og var þá lögð töluverð vinna í að skipuleggja og skilgreina starfsemina og útbúa kynningarblöð og vinnureglur. Má kynna sér verklag og útfærslu betur í eldri ársskýrslum Meðferðateymis barna.


Meginhlutverk Meðferðateymisins er að veita mæðrum á meðgöngu, börnum og barnafjölskyldum í Efra-Breiðholti geð- og sálfræðilega þjónustu með ráðgjöf, meðferð og eftirfylgd í samstarfi við aðrar fagstéttir stöðvarinnar.

Í Meðferðateyminu starfar heimilislæknir, sálfræðingur, og húkrunarfræðingur/ljósmóðir eftir því sem við á. Heimilislæknir er sá aðili sem getur vísað barni og fjölskyldu þess eða móður á meðgöngu í teymið og er hann alltaf hluti af teyminu.

Flestar tilvísanir sem bárust Meðferðateymi barna árið 2009 komu frá heimilislæknum Heilsugæslunnar Efra-Breiðholti enda hafa flestar barnafjölskyldur í hverfinu heimilislækni á stöðinni. Aðeins lítið brot mála barst frá heimilislæknum utan stöðvar fyrir börn og fjölskyldur sem eiga lögheimili í hverfinu.




Heildarfjöldi tilvísana sem barst teyminu 2009 voru 92 tilvísanir. Hlutfall stúlkna sem vísað var í teymið var nær helmingi hærra en drengja.




Dreifing tilvísana eftir aldurshópum sýna að flestar tilvísanir bárust í aldurshópinn 14-18 ára eða alls 26 mál. Í aldurshópinn 10-13 ára var 19 börnum vísað. Í aldurshópinn 6-9 ára var 19 börnum vísað. Í aldurshópinn 2-5 ára var 6 börnum vísað. Í aldurshópinn 0-1 árs var tveimur börnum vísað. Meðalaldur er 11,5 ár.


Í aldurshópi 14-18 voru 13 einstaklingar á framhaldsskólastigi og þar af ein stúlka þunguð.



Meðferðateyminu bárust 19 tilvísanir fyrir konur sem ýmist voru mæður á meðgöngu eða mæður í fæðingaorlofi og/eða áttu við að glíma erfiðleika vegna sértækra vanda barna. Tilvísunarefni var kvíði og þunglyndi. Engin tilvísun barst vegna fæðingarþunglyndis. Mæður á meðgöngu voru á aldrinum 16-31 árs. Meðalaldur var rúm 23 ár. Mæður í foreldra –og/ eða fæðingarorlofi voru í aldurshópi 20-35 ára. Meðalaldur var rúm 26 ár. Tvær tilvísanir bárust fyrir mæður vegna erfiðleika barna í sértækum vanda. Meðalaldur var 45 ár.




Fjölskylduaðstæður einstaklinga sem vísað var til meðferðateymisins sýna að rúmur helmingur kom frá heilli eða óbrotinni fjölskyldugerð eða 53 % tilvísana. Hlutfall tilvísana fyrir einstaklinga sem skilgreinast sem einstæð fjölskylda var 32 % en aðeins lítið hlutfall eða 15% einstaklinga kom frá stjúpfjölskyldu.




Tilvísanir til Meðferðateymisins flokkast eftir eðli máls en helstu 7 flokkar sem stuðst er við eru: kvíði/sállíkamleg einkenni, depurð/þunglyndi, kreppa/áföll, fæðingarþunglyndi, uppeldis- og/ eða fjölskylduvandi, A(MO)/ misþroski/þroskatengdur vandi, skóla-og/eða félagstengdur vandi.

Flest tilfni tilvísana voru innan kvíða –og/ sállíkamlegra einkenna (50). Þar næst vegna depurðar og/ þunglyndis (19), uppeldis-og/ eða fjölskylduvanda (11), A(MO)/ misþroska-og/ eða þroskatengds vanda (7), skóla- og/ eða félagstengds vanda (3), kreppu og / áfalla (1).



Flest tilfni tilvísana drengja voru innan kvíða-og/ sálíkamlegra einkenna (14). Þar næst vegna depurðar og/ þunglyndis (7), uppeldis-og/ eða fjölskylduvanda (5), A(MO)/ misþroska-og/ eða þroskatengds vanda (4), skóla- og/ eða félagstengds vanda (0), kreppu og/ áfalla (0).

Flest tilfni tilvísana stúlkna voru innan kvíða-og/ sálíkamlegra einkenna (33). Þar næst vegna depurðar og/ þunglyndis (15), uppeldis-og/ eða fjölskylduvanda (7), A(MO)/ misþroska-og/ eða þroskatengds vanda (3), skóla- og/ eða félagstengds vanda (3), kreppu og/ áfalla (1), fæðingarpunglyndis (0).



Einstaklingsmeðferð var veitt í 63 % tilvika. Fjölskyldumeðferð í 13 %. Ráðgjöf til einstaklings-, fjölskyldu- og utan stofnunar í 23 % og hóþráðgjöf í 1%.

Biðtími frá móttöku tilvísunar til fyrsta viðtals var oftast 1-5 dagar.

| Móttaka mála | |
|------------------------------------|---|
| Móttaka til 1.viðtals | 4 dagar |
| Meðaltal viðtala á meðferðartíma | 6 viðtöl / í sumum tilfella 10 -19 skipti eða fleiri. |
| Heildarsamskipti á hverja tilvísun | 8 skipti - / í sumum tilfella voru samskiptin fleiri. |
| Málum lokið | 78 mál |
| Málum ólokið | 14 mál |

Biðtími frá móttöku tilvísunar til fyrsta viðtals var að jafnaði fjórir dagar. Í einstaka tilfellum var biðtíminn lengri. Tímasetning viðtals réðst þá fyrst og fremst af því hvað hentaði fjölskyldunni.

Heildarsamskipti vegna hvernar tilvísunar voru að meðaltali átta.

Í nokkrum tilfellum var boðað til fundar vegna mála sem tengdust grunnskóla og Þjónustumiðstöð Breiðholts. Fjórum málum var vísað á Þjónustumiðstöð Breiðholts til nánari greiningar á vitsmunabroska. Einu máli var vísað til Barna og unglíngageðdeildar Landspítalans. Tveimur málum til Þroska og hegðunarstöðvar Heilsugæslunnar.

Samantekt og ályktanir.

Alls bárust 92 tilvísanir til Meðferðateymis barna á árinu 2009 og eru það heldur færri tilvísanir en 2008 en þá voru þær 107.

Innan aldurhópsins 0-18 ára var aldursdreifingin frá tæplega eins árs aldri upp í 18 ára. Flestar tilvísanir bárust í aldurshópinum 14-18 ára eða alls 26 mál. Í yngsta aldurshópinum 0-1 árs bárust tvær tilvísanir. Er það einni tilvísun fleiri en árið á undan. Meðalaldur var 11,5 ár.

Meðferðateyminu bárust 19 tilvísanir fyrir konur á aldrinum 16 til 32ja ára. Ýmist voru þetta mæður á meðgöngu eða mæður í fæðingarorlofi sem áttu við kvíða eða þunglyndi að stríða, þó ekki fæðingarþunglyndi. Tvær konur áttu við að glíma erfiðleika vegna sértækra vanda barna.

Breyting hefur orðið á tilvísunum eftir kyni, efnisflokkum og aldri milli ára. Tvöfalt feiri tilvísanir bárust fyrir stúlkur en fyrir drengi. Hjá báðum kynjum voru flestar tilvísanirnar vegna kvíða og kom kvíði mun oftar fyrir hjá stúlkum en drengjum. Kynjamunurinn var mestur í kvíðaflokknum. Tilvísunum vegna depurðar og þunglyndis fjölgaði töluvert milli ára bæði hjá drengjum og stúlkum og voru tilföllin helmingi fleiri hjá stúlkum.

Uppeldis- og/ eða fjölskylduvandi og A(MO)/misproski/þroskatengdur vandi komu nú oftar fyrir hjá stúlkum en drengjum öfugt við 2008. Í efnisflokknum skóla-og/ eða félagstengdur vandi var fleirum drengjum vísað vegna vandans en stúlkum.

Ekki er ástæða þess kunn hvernsvagna yngsta aldurshópi barna er vísað í minna mæli í Meðferðateymi barna samanborið við aðra aldurshópa.

Ef tillit er tekið til allra efnisflokka sem vísað var í Meðferðateymi barna er tilhneiging til að draga þá ályktun að kvíða- og /sálíkamleg einkenni séu helsta ástæða tilfinningalegra vandamála barna sem vísað var í teymið, óháð aldri. Einnig að fleiri stúlkur eigi oftari við kvíða og þynglyndi að glíma en drengir.